

fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. handa hvorum þeirra.

Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri málsins í hjeradi, virðist vera nægilega rjettlættur af undirdóm-aranum, og því vottast, að meðferð málsins í hjeradi hafi verið vitalaus, eins og líka sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt,

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettarins dómur á óraskaður að standa, þó þannig, að hin ákveðna sekt færist niður í 20 krónur. Hinn ákærði Sigurður Jónsson greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað þar á meðal í málsfærslulaun til sóknara og svara-
manns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Jóns Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
legri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 24. maímán.

Nr. 1/1880.

Einar Oddsson

gegn

H. Th. A. Thomsen.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 8. janúarmán. þ. á., hefur Einar Oddsson á Ósi áfrýjað til yfirdómsins dómi gengnum fyrir aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. júlí f. á., með hverjum hann fyrir að hafa verið í verki með, þá er laxakistur Thomsens kaupmanns í Elliðaánum 17. ágúst 1878 voru brotnar, er dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd

í ákveðinn tíma, til einfalds fangelsis í 3 daga, til að bæta kaupmanni Thomsen fyrir spjöll á veiðivjelum 38 kr. 22 aur., og málskostnað 30 kr., og hefur hann krafizt, að nefndur aukarjettardómur verði annaðhvort dæmdur ómerkur með eða án heimvísunar, eða þá úr gildi felldur og honum gjörsamlega hrundið þannig, að hann verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum stefnda í þessu máli og hann skyldaður til að greiða sjer málskostnað m. m. Aftur á móti hefur stefndi krafizt, að áfrýjandinn verði dæmdur til hörðustu hegningar, hæfilegra skaðabóta og til að greiða 100 kr. í málskostnað fyrir báðum rjettum; en þar sem hinn stefndi ekki hefur áfrýjað undirjettardóminum, þá getur ekki komið til tals að dæma áfrýjandann í hærri hegningu eða meiri fjárútlát, en ákveðin eru í tjeðum dómi.

Hinn stefndi, kaupmaður H. Th. A. Thomsen, hefur máli sínu til sönnunar lagt fram eptirrit af vitnaleiðslu, sem fram hefur farið í öðru samkynja máli, og með því áfrýjandi ekki hefur mótmælt því, að hún verði í þessu máli skoðuð sem sönnunargagn, heldur miklu fremur sjálfur skýrskotað til hennar að nokkru leyti, verður að taka hana til greina í þessu máli, svo langt sem hún nær.

2 vitni samhljóða hafa borið, að áfrýjandinn hafi verið viðstaddur meðal þeirra manna, sem 17. ágúst 1878 brutu veiðivjelar stefnda í Elliðaánum, og látið í ljósi það álit sitt, að áfrýjandinn hafi verið einn af forgöngumönnum þessa verknaðar, þótt þeir ekki hafi sjeð hann aðhafast neitt, er að því lyti, nje heldur að hann hafi lagt hönd á verkið. Áfrýjandi hefur að vísu neitað því sem ósönnuðu, að hann hafi verið við staddur nefndan dag í árhólmunum, en þetta verður ekki skoðað sem eindregin og skýr neitun, enda hafa vitnin hiklaust borið, að hann hafi þar verið.

Yfirdómurinn verður nú að álita sannað, að áfrýjandi hafi verið viðstaddur meðal þeirra manna, sem 17. ágúst 1878 unnu umgetið verk; en á hinn bóginn eru að eins miklar líkur fyrir, að hann hafi verið í vitorði með eða sammældur þeim mönnum, er að verkinu unnu, og virðist því úrslit málsins eiga að vera komin undir því, að áfrýjandi vinni eið að því, að hann ekki hafi verið í vitorði með þeim mönnum, sem verkið frömdu.

Vinni hann svofelldan eið, á hann að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli, og virðist málskostnaður þá eiga að falla niður. En treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, skal hann samkvæmt 298. gr., sbr. 31. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, greiða 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, sæta einföldu fangelsi í 3 daga; svo greiði hann og þá í skaðabætur til stefnda 38 kr. 22 aura — gegn upphæð þessari eru engin mótmæli af hendi áfrýjanda fram komin —, og í málskostnað fyrir báðum rjettum 40 krónur. Þar sem talsmaður áfrýjandans í framhaldssókn sinni frá 19. f. m. hefur viðhaft þau ummæli, að talsmaður hins stefnda hafi farið með «mjög djörf ósannindi og talsvert illviljuð», þá ber samkvæmt kröfu hins síðarnefnda að dæma þessi ummæli dauð og ómerk, en hinsvegar virðist ekki fullnæg ástæða til að sekta talsmann áfrýjandans fyrir ósæmilegan rithátt.

Því dæmist rjett að vera:

Svo framarlega sem áfrýjandi þessa máls, Einar Oddson, eptir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því, að hann ekki hafi verið í vitorði eða ráðum með þeim mönnum, sem 17. ágústmán. 1878 skemmdu og brutu veiðivjelar kaup-

manns H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum, á hann að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli, og fellur þá málskostnaður niður. En treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, á hann að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, sæta 3ja daga einföldu fangelsi. Sýo greiði hann þá og stefnda skaðabætur 38 kr. 22 aura, og í málskostnað fyrir báðum rjettum 40 kr. Þau hjer að framan greindu ummæli talsmanns áfrýjandans um talsmann hins stefnda eiga dauð og ómerk að vera.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júnímán.

Nr. 3/1880

Verzlunarstjóri S. Richter

gegn

Sigríði Magnúsdóttur

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjeraði af S. Richter verzlunarstjóra í Stykkishólmi í umboði Wendels, forstjóra fyrir verzlun N. Chr. Grams á Dýrafirði, sem aðal-sækjanda, gegn Sigríði Magnúsdóttur, þáverandi á Íngjaldshóli í Snæfellsnessýslu, til borgunar á 100 krónum, sem bróðir hennar, Einar Magnússon í Hvammi, skulðar nefndri verzlun, og sem Sigríður eptir framburði Wendels hafði skuldbundið sig til að borga fyrir hann sumarið 1875, og til tryggingar fyrir borguninni fengið Wendel að handseldu veði 4 hluta-brjef Gránufjelags, hljóðandi samtals uppá 200 kr. Sigríður Magnúsdóttir hefur aptur höfðað gagnsókn gegn